

# Ásmundur Einar keypti jarðir í Dölunum á 75 milljónir

Tvö fyrirtæki skoða byggingu vindorkugarða á svæði þar sem **Ásmundur Einar Daðason** og **Sunna Birna Helgadóttir** keyptu jarðir 2015. Íslandsbanki lánaði. Ísland mikill eftirbátur hinna Norðurlandabjóðanna í notkun vindorku við rafmagnsframleiðslu.

Ingi Freyr Vilhjálmsson  
ingi@stundin.is



**Á**smundur Einar Daðason, þáverandi þingmaður og núverandi félags- og jafnréttismálaráðgjafi, keypti tvær jarðir í Laxárdal í Dalabyggð fyrir 75 milljónir króna árið 2015. Íslandsbanki lánaði félagi í eigu eiginkonu hans, Sunnu Birnu Helgadóttur, fyrir viðskiptunum og gekk Ásmundur Einar frá þeim samkvæmt undirrituðu umboði hennar. Þetta kemur fram í þinglýstum gögnum um kaup félagsins, SBH1 ehf., á jörðunum tveimur, Sólheimum 1 og Sólheimum 2 í Laxárhreppi. Svæðið er nú til skoðunar hjá að minnsta kosti tveimur einkaaðilum vegna mögulegrar raforkuframleiðslu með vindorku á því.

Félagið skuldaði rúmlega 88 milljónir króna í lok árs 2016 en þar af voru tæpar 53 milljónir króna við Íslandsbanka og tæpar 18 milljónir við Arion. Á móti þessum eignum voru bókfærðar tæplega 108 milljóna króna eignir en þar af voru óefnislegar eignir upp á rúmlega 11 milljónir króna. SBH1 ehf. var stofnað árið 2015 og virðist því hafa verið sett á laggirnar gagnert til að kaupa umræddar jarðir í Dalabyggð.

Stundin sendi fyrirspurn um jarðakaupin til Ásmundar Einars Daðasonar og aðstoðarkonu hans, Sóleyjar Ragnarsdóttur, en spurningum blaðsins var ekki svarað.

## Stórtæk í jarðakaupum

Fjölskylda Ásmundar Einars hefur verið stórtæk í jarðakaupum á Vesturlandi síðastliðin ár og býr faðir hans, Daði Einarsson, meðal annars á stórbýlinu Þverholtabúinu sem er eitt stærsta kúabú landsins. Daði keypti Þverholtabúið fyrir 388 milljónir króna árið 2012 en seljandinn var Jóhannes Kristinsson, sem var eigandi Fons ásamt Pálma Haraldssyni á árunum fyrir hrúnið. Nú hvíla rúmlega 500 milljóna króna skuldir á Þverholtabúinu og er það Arion banki sem er langstærsti lánveitandi félags Daða sem á jörðina. Ásmundur Einar og faðir hans hafa því haft ágætan aðgang að lánsfé í íslenskum bönkum á liðnum árum.

Áður en Ásmundur Einar settist á þing fyrir Vinstri græn árið 2009 var hann bóndi á jörðinni Lambeyrum í Dölum en sú jörð hefur lengi verið í eigu fjölskyldu hans og erfðu faðir hans og systkini hana þegar afi hans lést. Faðir Ásmundar Einars var skráður eigandi jarðarinnar en vegna rekstrarerfiðleika búsins sem hann rak á því missti hann yfirráð yfir jörðinni og er hún nú í eigu nokkurra systkina Daða en harðar deilur um jörðina hafa geislað innan systkinahópsins á liðnum árum.

Á ýmsu hefur því gengið í búskap og rekstrarsögu Daða Einarssonar og fjölskyldu á liðnum árum. Í tölvupósti til Stundarinnar í lok síðasta árs sagði Ásmundur Einar að deilurnar um jörðina innan fjölskyldunnar væru sorgarsaga: „Það sem við kemur þessari sorglegu erfðadeilu er ekki á mínum snærum. Til að fá upplýsingar þá bendi ég þér á að hafa samband við föður minn.“

## Möguleg rafmagnsframleiðsla á jörðunum

Eins og Stundin hefur greint frá skoða Sjóðstýringarfyrirtækið GAMMA og Storm Orka ehf.



**Á jarðir á vindorkusvæði** Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðgjafi keypti tvær jarðir í Laxárdalnum í Dalabyggð á svæði sem verið er að kanna sem mögulegu framleiðslusvæði rafmagns með vindorku.

MYND: PRESSPHOTOS



**Þannig að ég held að þetta geti spannað allt svæðið frá Hvammsfirði og yfir í Hrótafjörð**

**Sveinn Pálsson**  
sveitarstjóri í Dalabyggð

## Ísland mikill eftirbátur

Ísland er mikill eftirbátur hinna Norðurlandabjóðanna þegar kemur að raforkuframleiðslu með vindorku, sérstaklega Danmerkur og Svíþjóðar. Einu vindmyllurnar á Íslandi eru tvær slíkar sem Landsvirkjun hefur rekið í tilraunaskyni norðan við Búrfellsvirkjun síðastliðin ár.

Í skýrslu um rafmagnsframleiðslu með vindorku á Norðurlöndunum árið 2017, sem finnska orkufyrirtækið Energia Suomi kynnti nú í janúar, kemur fram að 20 prósentu aukning hafi verið á framleiðslu á rafmagni með vindorku á Norðurlöndunum árið 2017 í samanburði við árið 2016. 40,7 terawattsstundir (tws) af rafmagni voru framleiddar með vindorku í samanburði við 33,9 árið 2016. Svíþjóð framleiddi 42 prósent af þessu rafmagni (17.1 tws) og Danmörk 39,6 prósent (16.1 tws). Finnland framleiddi 4,7 terawattsstundir með vindorku og Noregur 2,8 og eru því talsvert á eftir Svíum og Dönum í vindorkuþróuninni.

Framleiðsla rafmagns með vindorku hjá Landsvirkjun með umræddum tveimur vindmyllum nam til samanburðar 0,0053 terawattsstundum árið 2016. Framleiðsla Landsvirkjunar á rafmagni með vindorku er því einungis tæplega 0,19 prósent af heildarframleiðslu þess lands á Norðurlöndunum sem framleiðir minnst af vindorkurafmagni, Noregi. Af þessu sést að Ísland bæði getur, og líklega mun, sækja talsvert fram á þessu sviði.


Í finnsku skýrslunni er rakið hvernig þessi raforkuframleiðsla á Norðurlöndunum fjórum nam um 10 prósentum af heildarframleiðslu rafmagns árið 2017. Þetta er umtalsvert hærra tala en á Íslandi þar sem hlutfall rafmagns framleiddi með vindorku nam tæplega 0,04 prósentum af þeirri raforku sem Landsvirkjun framleiddi inn á flutningskerfi Landsnets 2016.

Energia Suomi bendir á það í skýrslu sinni hversu mikilvægt það er að Norðurlöndin haldi áfram vindorkuvæðingu sinni til að vega upp á móti umhverfisspillandi orkugjöfum eins og kolum. Finnska fyrirtækið spár um 44,5 terawattsstunda framleiðslu í þessum fjórum löndum árið 2018 en bendir auðvitað á að ómögulegt sé að spá fyrir nákvæmlega um hversu vindasamt árið verður.

Af þessum staðreyndum, og þeirri staðreynd að Ísland er sannarlega vindasamt, má áætla að einungis tímaþurssmál sé hvenær vindorka verður orðinn miklu stærri af rafmagnsframleiðslu á Íslandi en hún er í dag. Ef þessi framleiðsla verður 10 prósent af raforkuframleiðslu Íslands geta einkaáðilar eins og Storm Orka og GAMMA fengið hlutdeild í þeirri peningaköku sem verður til fyrir vikið. ■

## Eftirbáturinn Ísland

Taflan sýnir framleiðslu rafmagns með vindorku á Norðurlöndunum árið 2017.



möguleikann á því að koma á laggirnar raforkuframleiðslu með vindorku í Dalabyggð. Storm Orka hefur fest kaup á jörðinni Hróðnýjarstöðum sem liggur nær Hvammsfirði en jarðirnar sem Ásmundur Einar keypti sem liggja ofar, á Laxárdalsheiðinni sem liggur milli Hvammsfjarðar og Hrótafjarðar.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar, segir að vel sé hægt að framleiða rafmagn á jörðum á Laxárdalsheiði. „Menn eru að skoða vindkort af landinu og aðstæður og sjá að þetta svæði getur verið hentugt; hér blæs dálítið en lítið er um aftakaveður. [...] Ég veit ekki nákvæmlega hversu stórt svæðið er en ég hef séð svona vindakort af svæðinu og út úr því hef ég séð vangaveltur um Laxárdalsheiði, bæði Dalamegin og eins hinum megin líka. Þannig að ég held að þetta geti spannað allt svæðið frá Hvammsfirði og yfir í Hrótafjörð. Þetta svæði getur verið heppilegt fyrir þetta, líka af því að þetta svæði er í grennd við rafmagnsflutningskerfið. Byggðalínan fyrir rafmagnið

liggur um þetta svæði. [...] En þetta er allt á frumstigi og mikilvægt að benda á það.“

Starfsmenn GAMMA, meðal annars Tryggvi Þór Herbertsson og Friðjón Þórðarson, funduðu með meðlimum úr sveitarstjórn Dalabyggðar í síðustu viku, samkvæmt heimildum Stundarinnar. Fóru þeir og fylgilið þeirra meðal annars að Hróðnýjarstöðum og skoðuðu aðstæður þar auk þess sem langferðabíll þeirra keyrði á fleiri staði í Dalabyggð líkt og GAMMA velti fyrir sér jarðakaupum á svæðinu. Talsverður skjálfti er meðal íbúa Dalabyggðar vegna málsins og var haldinn íbúafundur um það á miðvikudaginn.

Jarðir á svæðinu, meðal annars jarðir Ásmundar Einars og Sunnu Birnu, geta mögulega nýst einka-fyrirtækjum eins og Storm Orku og GAMMA fari svo að leyfi fái til að byggja vindorkugarða í Dalabyggð.

Gísli Hauksson, starfandi stjórnarformaður GAMMA og stofnandi, hefur ekki viljað svara spurningum Stundarinnar um vindorkuáhuga fyrirtækisins.